

Starfsreglur

fyrir EDDU - öndvegissetur við Háskóla Íslands

1. gr.

Almennt.

EDDA - öndvegissetur við Háskóla Íslands er þverfagleg og sjálfstæð rannsóknastofnun með heimilisfesti á Hugvísindasviði Háskóla Íslands og starfar innan vébanda Hugvísindastofnunar.

EDDA er öndvegissetur (*Strategic Center of Excellence*) sem styrkt er af Vísinda- og tækniráði í samræmi við markáætlun RANNÍS til þriggja ára að lágmarki, en með möguleika á framlengingu til sjö ára. Verkefnið er reist á samningi frá júní 2009 milli RANNÍS og verkefnisstjóra EDDU, sem er starfsmaður Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk EDDU - öndvegisseturs er:

- a. að annast samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórn mála- og menningarrýni með áherslu á jafnrétti og margbreytileika,
- b. að efla rannsóknir í anda markáætlunar Vísinda- og tækniráðs, en markmið öndvegissetra er að styrkja rannsóknir og tengslanet á tilteknu sviði sem síðan leiða til fræðilegrar þekkingarsköpunar og skila ávinningi fyrir samfélagið, t.d. með áhrifum á stefnu stjórnvalda og/eða atvinnulífið,
- c. að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, málstofum, fyrirlestrum og hvers konar annarri starfsemi í þágu markmiða verkefnisins,
- d. að annast útgáfustarfsemi,
- e. að veita framhaldsnemum, nýdoktorum og fræðimönnum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að sinna rannsókum á vegum setursins eftir því sem kostur er.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað, eftir því sem kostur er. Rannsóknastofnunin er hýst í Gimli (3. hæð) og á að öðru leyti aðild að sameiginlegu húsnæði Hugvísindastofnunar.

EDDA - öndvegissetur veitir starfsliði sínu aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Forseti Hugvísindasviðs skipar stofnuninni fjögurra manna stjórn (*Steering Board*) til þriggja ára í senn. Í stjórn situr verkefnisstjóri EDDU á grundvelli samnings við RANNÍS (sbr. 1. gr.), auk þriggja annarra fræðimanna sem skipaðir eru án tilnefningar. Í stjórn skulu sitja bæði

karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Fulltrúi EDDU í stjórn Hugvísindastofnunar skal koma úr hópi fastra kennara á Hugvísindasviði.

5. gr.

Fagstjórn.

Forseti Hugvísindasviðs skipar átta manna fagstjórn EDDU (*Academic Board*) til eins árs í senn, þar af þá fjóra sem sæti eiga í stjórn EDDU. Einnig skulu skipaðir í fagstjórn án tilnefningar, fjórir fulltrúar sem starfa utan Háskóla Íslands, í atvinnulífinu eða við alþjóðlegar akademískar stofnunanir. Í fagstjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Hlutverk fagstjórnar er að efla tengsl við erlendar og innlendar samstarfsstofnanir og fyrirtæki, stuðla að uppbyggingu rannsóknaklasa og rannsóknateyma, taka þátt í stefnumörkun fyrir setrið og afla frekari styrkja til starfsemi þess. Fagstjórn tekur ákvörðun um úthlutun styrkja á vegum EDDU samkvæmt samningi við RANNÍS, sbr. 1. og 10. gr.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skyld er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti Hugvísindasviðs ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta Hugvísindasviðs.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn EDDU hefur umsjón með starfsemi stofnunarinnar, mótar rannsóknastefnu hennar og ber ábyrgð á framkvæmd hennar. Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart stjórn Hugvísindastofnunar og forseta Hugvísindasviðs. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

8. gr.

Verkefnisstjóri og starfslið.

Verkefnisstjóri EDDU ber ásamt stjórn faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar (skv. samningi við RANNÍS, sbr. 1. gr.).

Verkefnisstjóri nýtur aðstoðar starfsmanns í hlutastarfi á skrifstofu EDDU og samstarfs við rannsóknáþjónustu Hugvísindastofnunar.

Um ráðningu starfsfólks EDDU fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Ef um er að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer stjórn stofnunarinnar með ráðningarmálið í samráði við forseta Hugvísindasviðs.

9. gr.

Úthlutun styrkja.

Þegar styrkir eru auglýstir skipar stjórn EDDU, í samráði við forseta Hugvísindasviðs, þriggja manna valnefnd (*Selection Committee*) til að annast móttöku umsókna um styrki og afgreiðslu þeirra til fagstjórnar. Í valnefnd skulu skipaðir fræðimenn á rannsóknasviðum setursins. Valnefnd sendir umsóknir í jafningjamat og gerir tillögu að styrkveitingum í samræmi við markmið setursins (*strategic goals*), rannsóknastefnu þess og uppbyggingu rannsóknaklasa. Fagstjórn EDDU tekur lokaákvörðun um styrkveitingar í samræmi við fyrrnefnd markmið (*strategic goals*) og fjárhagsáætlun.

10. gr.

Fjármál.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Tekjur EDDU - öndvegisseturs eru eftirfarandi:

- a. framlag frá Hugvísindastofnun,
- b. árlegt framlag af rannsóknafé RANNÍS, þ.e. öndvegisstyrkur veittur til allt að sjö ára,
- c. styrkir til setursins og einstakra verkefna,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur.

Fjárhagsáætlun skal lögð fyrir forseta Hugvísindasviðs til samþykktar. Stofnunin nýtur þjónustu Hugvísindastofnunar við rekstur samkvæmt samkomulagi verkefnisstjóra EDDU og stjórnarformanns Hugvísindastofnunar hverju sinni.

11. gr.

Gildistaka ofl.

Starfsreglur þessar, sem stjórn Hugvísindastofnunar hefur sett að fengnu samþykki stjórnar Hugvísindasviðs, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglna um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 1022/2009 taka gildi 1. júlí 2010.

Við breytingar á starfsreglum þessum skal haft samráð við rektor.